



**Fundargerð
oddvitanefndar
Uppsveita Árneshrepps**



Fundur nr. 3 – 19.04.2023

3. fundur oddvitanefndar Uppsveita Árneshrepps (kjörtímabilið 2022 – 2026) var haldinn í fjarfundaformi í gegnum TEAMS, miðvikudaginn 19. apríl 2023 kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir formaður, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Ársreikningur 2022

Lagður var fram ársreikningur fyrir árið 2022 og hann staðfestur.

2. Fjármál

Farið var yfir fjárhagsstöðu nefndarinnar. Ákveðið var að borga 29.000.000.- krónur út úr sjóði Laugaráslæknishéraðsins til aðildarsveitarfélaga miðað við meðal íbúafjölda 1995-1997.

Grímsneshreppur 11,9% - 3.451.000

Bláskógabyggð 33,2% - 9.628.000

Hrunamannahreppur 30,0% - 8.700.000

Skeiða- og Gnúpverjahreppur 24,9% - 7.221.000

3. Byggðarþróunarfulltrúi

Farið yfir stöðuna á málefni byggðarþróunarfulltrúa í framtíðarstarf.

Samþykkt var að þegar niðurstaða liggur fyrir um framkvæmd samstarfssamninga hjá SASS þá mun Bláskógabyggð sjá um að halda utan um samning við SASS vegna byggðarþróunarfulltrúa fyrir hönd Uppsveita, þ.e. Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

SASS mun greiða ákveðið starfshlutfall af byggðarþróunarfulltrúanum og lagt er til að sveitarfélögin í Uppsveitum muni greiða það sem út af stendur svo hægt sé að ráða starfsmann í 100% stöðu fyrir Uppsveitir. Bláskógabyggð falið að vinna málið áfram og senda erindi á sveitarfélögin þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

4. Ferðamálafulltrúi

Fyrir liggur að núverandi samkomulag um ferðamálafulltrúa sem er á milli Grímsnes- og Grafningshrepps, Bláskógabyggðar og Hrunamannahrepps rennur út í júní 2023. Lagt er til að framlengja samninginn og kanna vilja Skeiða- og Gnúpverjahrepps í þátttöku á kostnaði vegna ferðamálafulltrúans. Staðreyndin er sú að framundan eru talsverðar breytingar með tilkomu byggðarþróunarfulltrúa á svæðið en samfella verður að vera í starfi ferðamálafulltrúa og byggðarþróunarfulltrúa. Bláskógabyggð sem umsjónaraðila ferðamálafulltrúa falið að vinna málið áfram og senda erindi á sveitarfélögin á ný með breytingum.



**Fundargerð
oddvitanefndar
Uppsveita Árnæssýslu**



Fundur nr. 3 – 19.04.2023

5. Heilsugæslan í Laugarási

Fyrir liggur að oddvitar Uppsveitanna eiga fund með stjórnendum Heilbrigðisstofnunar Suðurlands 2. maí næstkomandi. Rætt var um fundinn og hvað ætti að ræða á fundinum og ákveðið að taka saman gögn um sögu Laugaráslæknishéraðs til að hafa meðferðis.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:45.